

# AÐALFUNDUR AFTURELDINGAR

## Fundargerð

**Þriðjudaginn 13. mars 2007, Kl. 20:00, Varmárskóla**

### **1. Fundarsetning**

*Elísabet Guðmundsdóttir formaður Aftureldingar*

### **2. Kosning fundarstjóra og fundarritara**

*Elísabet sér um þetta í fundarsetningaræðu*

*Fundarstjóri: Guðmundur Pálsson*

*Fundarritari: Jón Pálsson*

### **3. Formaður kynnr Starfsskýrslu Aftureldingar árið 2006**

*Elísabet Guðmundsdóttir, formaður félagsins kynnti starfsskýrslu Aftureldingar árið 2006 sem liggur frammi á fundinum.*

*Skýrslan var samþykkt án athugasemda.*

### **4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar**

*Þorsteinn Sigvaldason gjaldkeri aðalstjórnar gerði grein fyrir reikningum félagsins og samantekt samstæðuuppgjors.*

*Hilmar hvers vegna Lottótekjum var ekki dreift á árinu til deilda. Erna og Elísabet útskýrðu ráðstöfun þeirra m.a. vegna vangoldins VSK frá fyrri árum og vegna aukins kostnaðar við rekstur skrifstofu, sem þýddi að ekki var unnt að ráðstafa af Lotótekjum þetta árið.*

*Reikningar félagsins voru samþykktir samhljóða.*

### **5. Fjárhagsáætlun ársins 2007 lögð fram til samþykktar**

*Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri aðalstjórnar gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2007.*

*Spurgt var um skýringar á 10 mkr hækkun sé á Húsaleigustyrk og leigukostnaði gagnvart Mosfellsbæ. Erna gerði grein fyrir því að um er að ræða aukna aðstöðu, sem bærinn leggur til, m.a. gerfigrasvöll ofl.*

*Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.*

### **6. Laga- og reglugerðarbreytingar**

*Erna Reynisdóttir framkvæmdastjóri aðalstjórnar kynnti nýja reglugerð um heiðursviðurkenningar sem aðalstjórn hefur útbúið.*

*Reglugerðin var samþykkt samhljóða.*

### **7. Kosningar**

*Fundarstjóri kynnti framboð til stjórnar. Formaður gefur ekki kost á sér áfram ásamt því að Lárus Eiríksson og Þorsteinn Sigvaldason gefa ekki kost á sér áfram en tveir stjórnarmenn sem kosnir voru í fyrra til tveggja ára sitja áfram. Þeir eru Jón Pálsson og Bjarni B. Bjarnason. Varamennirnir Jarle Reiesen og Sigurður Bogason gefa ekki kost á sér áfram.*

- a) *Kosning formanns. Jón Pálsson var kjörinn formaður með öllum greiddum atkvæðum.*
- b) *Kosning tveggja stjórnarmanna til tveggja ára. Sævar Kristinsson, Hilmar Stefánsson og Elín Reynisdóttir hlutu kosningu öllum greiddum atkvæðum.*
- c) *Kosning tveggja varamanna til eins árs. Elísabet Guðmundsdóttir og Erna Reynisdóttir hlutu kosningu öllum greiddum atkvæðum.*
- d) *Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga. Valdimar L. Friðriksson og Eva Magnúsdóttir hlutu kosningu öllum greiddum atkvæðum.*

- e) Kosinn einn skoðunarmaður reikninga deilda. Valdimar L. Friðriksson og Þorsteinn Sigvaldason hlutu kosningu öllum greiddum atkvæðum.

## **8. Önnur mál**

- Heiðursviðurkenningar 2007. Elísabet veitti eftirfarandi aðilum bronsmerki skv. nýsamþykktri reglugerð félagsins:

Jóhanna Thorlacius, f.v. gjaldkeri, körfuknattleiksdeild

Hanna Símonardóttir, stjórnarmaður, knattspyrnudeild

Guðrún Kristín Einarsdóttir, formaður, blakdeild

Hlynur Guðmundsson, formaður frjálsíþróttadeild

Hallur Birgisson, formaður mfl kvk

Eva Magnúsdóttir, formaður fimleikadeildar

Þorsteinn Sigvaldason, aðalstjórn

Lárus E. Eiríksson, aðalstjórn

Elísabet Guðmundsdóttir, aðalstjórn

Jón Óskaði eftir því að fá að veita Elísabetu einnig merki.

- Styrkveitingar úr Afreks- og styrktarsjóði Mosfellsbæjar og Aftureldingar – Elísabet kynnti ákvörðun um úthlutun úr Afreks- og styrktarsjóði um að veita Íþróttamönnum Aftureldingar, Halldóri Lárussyni og Brynju Finnsdóttur frjálsíþróttafólki kr. 45.000 hvoru og Sindra Jarlssyni og Guðmundi Þ. Guðmundssyni kr. 35.000 hvorum til æfinga með unglíngalandsliði í badminton. Þjálfaranámskeiðasstyrkir til deilda voru úthlutaðir:

Frjálsíþróttadeild kr. 110.000

Handknattleiksdeild kr. 80.000

Knattspyrnudeild kr. 80.000

Karatedeild kr. 70.000.

Styrkir eru greiddir út skv. nótum og þarf afrit af styrkveitingu að fylgja. Fram kemur í greinagerð stjórnar sjóðsins að æskilegt sé að setja skýrari línur um hverjir geta sótt í sjóðinn og hvernig umsóknir skulu úr garði gerðar. Sem dæmi þarf að sækja um og rökstyðja tiltekna styrkuppþæðir.

- Kynning á Minningarsjóði Ágústínu Jónsdóttur og Guðfinnu Júlíusdóttur – Bjarni Bjarnason kynnti sjóðinn. Áætlað er að um 500 þúsund kr. verði úthlutað í ár, fyrsta úthlutun verður væntanlega eftir 6-7 vikur og verður kynnt nánar m.a. á vef félagsins.
- Ósk um stofnun Taekwondodeildar – Helena L. Kristbjörnsdóttir lagði fram undirskriftarlista 22 einstaklinga sem hafa hug á að stofna Taekwondodeild innan Aftureldingar. Elísabet kynnti þá hefð að heimild væri veitt fyrst til reynslu, en þar sem Taekvondo deild hefur starfað sem hópur í tæp 5 ár undir merkjum félagsins og m.a. unnið til verðlauna á mótum, leggur hún til að deildin verði stofnuð strax. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
- Orðið laust
- Pétur Magnússon formaður knattspyrnudeildar kynnti starf Knattspyrnudeildar og lagði fram 3 tillögur fyrir fundinn:

- Tillaga 1 – Fjárframlög Mosfellsbæjar

- Aðalfundur Aftureldingar 13. mars 2007 samþykkir þau tilmæli til Aðalstjórnar félagsins að eitt að helstu verkefnum stjórnarinnar árið 2007 sé að tryggja að fjárframlög Mosfellsbæjar til íþróttamála barna og unglíngja séu a.m.k. sambærileg við það sem gengur og gerist í nágrannasveitarfélögum og helst að fá Mosfellsbæ til að sýna þann metnað að fjárframlög til málaflöksins séu hærri hjá okkur en gengur og gerist!

- Tillaga 2 – Mikilvægi Meistaraflokka

- Aðalfundur Aftureldingar 13. mars 2007 samþykkir þau tilmæli til Aðalstjórnar félagsins að skipuð verði nefnd til að semja við Mosfellsbæ um að tryggja fjárhagslegan stuðning við Meistaraflokka í íþróttum í Mosfellsbæ. Með þessu sýna félagið og bæjaryfirvöld að starfsemi Meistaraflokka eru mikilvægt innlegg í menningarstarfsemi bæjarins og jafnframt í markaðssetningu Mosfellsbæjar sem Íþrótt- og útivistarbæjar í hugum landsmanna.

- Tillaga 3 – Aðstöðumál

- Aðalfundur Aftureldingar 13. mars 2007 samþykkir þau tilmæli til Aðalstjórnar félagsins að eitt að helstu verkefnum stjórnarinnar árið 2007 sé að tryggja að komið verði á fót markvissri og raunhæfri áætlun til næstu 5-10 ára um framkvæmdir við aðstöðumál og íþróttamannvirki í Mosfellsbæ, þannig að tryggt verði að aðstaða félagsins verði ekki lakari en nú er, og helst betri, í lok umrædds tímabils.

Nokkur umræða var um tillögurnar, sérstaklega tillögu 2, þar sem m.a. kom tillaga um að hún yrði dregin til baka. Þeirri tillögu var hafnað og var að lokum sæst á svohljóðandi breytingartillögu við tillögu 2:

- Aðalfundur Aftureldingar 13. mars 2007 samþykkir þau tilmæli til Aðalstjórnar félagsins að skipað verði nefnd til að semja við Mosfellsbæ um að tryggja fjárhagslegan stuðning við Meistaraflokka og afreksfólk í íþróttum í Mosfellsbæ. Með þessu sýna félagið og bæjaryfirvöld að starfsemi Meistaraflokka og afreksfólks eru mikilvægt innlegg í menningarstarfsemi bæjarins og jafnframt í markaðssetningu Mosfellsbæjar sem Íþrótt- og útivistarbæjar í hugum landsmanna.

Þessi tillaga var samþykkt með góðum meirihluta atkvæða og aðrar tillögur einnig.

- Jón Pálsson nýkjörinn formaður félagsins hélt "framboðsræðu", þakkaði veittan stuðning og kynnti hugmyndir sínar um stefnu félagsins og áherslur á næstu árum.
- Valdimar Leó Friðriksson bað um orðið. Hann flutti fundinum kveðju UMSK og óskaði nýkjörnum fulltrúum velfarnaðar í starfi. Hann lagði m.a. til að kannaður verði möguleiki á að láta skrifa sögu félagsins íteilefni af 100 ára afmæli þess. Kynnti m.a. Landsmót UMFÍ, sem haldið verður í sumar.

## **9. Fundarslit**

Elísabet Guðmundsdóttir fráfarandi formaðursleit fundi og síðan voru kaffiveitingar og ávextir aðm hætti sannra íþróttamanna.

Fundarritari: Jón Pálsson